

- Að hausti skulu helstu niðurstöður af starfi stofnunarinnar skýrðar og sagt frá verkefnum sem lokið er. Lögð skulu fyrir drög að nýjum verkefnum og leitað ábendinga eða tillagna nefndarinnar um ný verkefni, sem tekin verði upp í starfsáætlun og lögð fyrir til umsagnar að vori.
- Nefndin getur rætt og gert tillögur til stjórnar stofnunarinnar, svo og samskiptum hennar út á við.
- Nefndin hefur fullt frjálsræði um að móta sína eigin vinnubrögð, þar á meðal skipan undirnefnda.
- Ráðgjafarnefndin hefur einungis tillögurétt til stjórnar og forstjóra, en ekki ákvörðunarrétt.

3. gr.

Nefndin er ólaunuð, en Sjávarútvegsráðuneytið getur heimilað þóknun fyrir sérstaklega umfangsmikil störf á vegum nefndarinnar að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sbr. lög nr. 72/1984, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af tækjum og búnaði til rannsókna.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ. e. toll og sérstakt tímabundið vörugjald, af þeim tækjum og búnaði sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
úr 39.07.74	Vörur úr plasti, sambærilegar þeim sem flokkast í tnr. 70.17.09.
úr 69.03.00	Tilraunaker, deiglur o. fl. til notkunar við rannsóknir.
úr 69.09.00	Vörur til notkunar við rannsóknir.
úr 70.17.09	Glervara, til notkunar við rannsóknir.
úr 90.01.09	Linsur, prismu, speglar og aðrar optískar vörur, úr hvers konar efni, án umgerðar.
úr 90.02.09	Linsur, prismu, speglar og aðrar optískar vörur, úr hvers konar efni, í umgerð.
90.06.00	Stjórnufræðileg tæki og áhöld (t. d. stjörnusjónaukar og mælitæki er þeim heyra til) og fætur og útbúnaður til þeirra.
90.07.11	Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðilegra rannsókna.
úr 90.07.31	Hlutar og fylgitæki til myndavéla og tækja í tnr. 90.07.11.
90.11.00	Rafeinda- og prótonsásjár, rafeinda- og prótondiffraktógrafar.
90.12.00	Optískar smásjár, einnig með útbúnaði til að taka eða varpa á sýningartjald mynd af því sem í þeim sést.

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
úr 90.13.00	Lasertæki.
90.14.20	Tæki og áhöld til landmælinga — þar með taldar mælingar eftir landslagsmyndum — til vatnsrannsóknna (hydrografi), veðurfræðirannsóknna, vatnafræðirannsóknna (hydrologi) og jarðeðlisfræðirannsóknna (geofysik).
90.15.00	Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg eða minna, einnig með lóðum er þeim heyra til.
90.20.00	Röntgentæki og tæki sem nýta geislun frá geislavirkum efnum (þar með talin tæki til myndatöku með röntgengeislum og röntgenterapí) röntgengeneratorar og röntgenlampar; röntgenskermar, röntgenháspennutæki, mælitöflur fyrir röntgentæki; borð, stólar og annað þess háttar sérstaklega gert til notkunar við rannsóknir og lækningar með röntgengeislum.
90.22.00	Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika, þrýstipóli, teygjanleika og öðrum svipuðum eiginleikum efnis (t. d. málma, trjáviðar, spunatrefja, pappírs og plasts).
úr 90.23.02—09	Mælar og önnur tæki til notkunar við rannsóknir.
úr 90.24.09	Tæki og áhöld til notkunar við rannsóknir.
90.25.00	Tæki og áhöld til fýsískrar og kemískrar greiningar (t. d. ljósskautunarmælar (polarimeters), ljósbrotsmælar (refractometers), ljósrófsmælar (spectrometers), gasgreinitæki); tæki og áhöld til mælingar á fljótanleika, gropinleika, þenslu, yfirborðsspennu og öðru þess háttar (svo sem „viscometers“, „porosimeters“, „expansion meters“), tæki og áhöld til mælinga á magni hita, ljóss eða hljóðs (svo sem ljósmælar (photometers) (þar sem „exposure meters“), hitamagnsmælar (calorimeters), smásjárneiðartæki (microtomes)).
90.28.10	Rafeindatæki til sjálfvirkra stillinga.
90.28.20	Rafeindatæki og -áhöld til að mæla eða greina jónageislun.
úr 90.28.39	Rafeindatæki og áhöld til notkunar við rannsóknir.
úr 90.29.09	Hlutar og fylgitæki til tækja og áhalda í tnr. 90.23.02—09, 90.24.09, 90.28.10, 90.28.20 og 90.28.39.

2. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. gr. er bundin því skilyrði að því sé lýst yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að þargreindar vörur verði eingöngu notaðar við rannsóknir.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 39. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 29 15. maí 1984, og 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.